

Hans fyrirmynd forneskjan var,
 hans fósturjörð óruddar merkur;
 sinn barnstrúnað þau llærði þar,
 í þröngsýnis rökleysu sterkur;
 og ímynd þér af honum gerðu,
 ef Ástvald og Stórjóhann sérðu.

Alt kverið sitt kunní hann enn,
 þess kenningar féllu' ekki' í gleymsku;
 sem sannleikans mótspyrnumenn
 sneið meinloku' úr feðranna heimsku. ---
 Menn Sankti Páls sjónbverfling trúa.
 Þó Sigurð þeir gruni' um að ljúga.

Þó um sveitum vegnaði vel,
 sem viðtóku manna síð hærri,
 sem snarbundinn snigill í skel
 varð Snækollur blindari' og ærri.
 Hann lifði' eins og lúthersku vitin,
 sem lesa' aldrei „vantrúar“-ritin.

Með oftrú á úreltum síð
 í eftirbát samtíðar manna
 hann Snækollur varð ekki við
 það var, að við fræknari granna
 hann stóð nú í hjaski og höggum,
 í hjátrúar aflóga plöggum.

En nágrenni viðsjálast vald
 það var, sem hans átrúnað fylgdi,
 sú kredda, að hann ætti hald
 og heimting á öllu', er hann vildi.
 hjá múgnum, ef með hann gat farið
 og málstað sinn inn í hann barið.